

# Reglur um útlán safngripa úr Þjóðminjasafni Íslands

## Almennar reglur

### 1. gr.

Skv. 5. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140, 2011 er heimilt að lána gripi úr Þjóðminjasafni Íslands til viðurkenndra safna og annarra stofnana á sýningar eða til rannsókna. Gerður skal samningur um lánið milli stofnananna. Ekki er heimilt að lána einstaklingum gripi.

### 2. gr.

Sviðstjóri rannsókna- og varðveislusviðs Þjóðminjasafns tekur að jafnaði ákvörðun um útlán safngripa, í samráði við sérfræðinga safnsins. Þegar um er að ræða lán til erlendra safna á safngripum sem falla undir lög um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57, 2011 skal fara eftir 11. gr. laga um menningarminjar nr. 80, 2012 og málinu vísað til Minjastofnunar Íslands.

Ekki er unnt að verða við beiðnum um útlán á safngripum sem eru á grunnsýningu Þjóðminjasafnsins, eða sem eru á yfirstandandi sérsýningum.

### 3. gr.

Skrifleg beiðni um útlán gripa (sjá eyðublað) þarf að berast munasafni með 4 mánaða fyrirvara. Ákvörðun um útlán verður tekin svo fljótt sem unnt er. Sé þörf á forvörslu, eða ef um mikinn fjölda gripa er að ræða, getur tekið allt að 12 mánuði að ganga frá útláni. Æskilegt er að slíkar beiðnir um útlán á gripum berist fyrir 1. desember vegna komandi árs.

### 4. gr.

Sýningarhúsnæði og sýningarbúnaður lántaka þarf að uppfylla kröfur um öryggi, s. s. viðurkennt bruna- og þjófavarnakerfi. Einnig þurfa aðstæður að uppfylla skilyrði sem sett eru um að birtu- og hitastig og rakamagn í andrúmslofti séu viðunandi fyrir safngripi. Forverðir Þjóðminjasafns gera könnun á sýningarhúsnæði og -aðstæðum (á kostnað láþega) áður en ákvörðun er tekin um útlán.

### 5. gr.

Öll lán og meðferð gripa skal vera í samræmi við forvörslusjónarmið til að tryggja varðveislu þeirra. Starfsmenn Þjóðminjasafns annast þökkun, flutning, uppsetningu og niðurtöku gripa. Í einstaka tilvikum geta starfsmenn safnsins þó falið öðrum þau verk, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Leiði skoðun við komu á sýningarstað í ljós að gripur hafi skemmst í flutningi skal það tilkynnt Þjóðminjasafni tafarlaust. Eins skal Þjóðminjasafni gert viðvart ef ástand gripa eða sýningarstaðar breytist á meðan á láni stendur.

### 6. gr.

Lánþega ber að tryggja muni fyrir þjófnaði eða skemmdum á lánstíma í samræmi við 15. gr. safnalaga nr. 141, 2011. Þjóðminjasafn ákveður váttryggingarupphæð, sem er trúnaðarmál milli lánþega og safnsins. Afrit tryggingarbréfs skal liggja fyrir áður en hlutur er afhentur.

7. gr.

Við sérhvert lán safngripa skal gerður lánsamningur þar sem tilgreint er heiti safngrips, safnnúmer, ábyrgðarmaður hjá viðkomandi stofnun, lánstími, flutningsform og tryggingar. Einnig skal ástandsskýrsla fylgja þar sem tilgreind eru skilyrði varðandi aðstæður á sýningarstað. Í skýrslunni er kvittað fyrir skoðun gripa eftir komu á sýningarstað, fyrir flutninga til baka og við afhendingu til safnsins. Lánþegi og fulltrúi þjóðminjasafns kvitta fyrir afhendingu og móttöku bæði við útlán og skil.

8. gr.

Lánþega er óheimilt að hreyfa á nokkurn hátt við munum sem hann hefur að láni, svo sem með hreinsun, merkingu, festingu eða tilfærslu.

9. gr.

Lánþega er óheimilt að ljósmynda eða gera aðrar eftirmyndir af gripum sem hann hefur fengið að láni nema sérstaklega sé um það samið.

10. gr.

Óski innlend stofnun eftir að fá muni að láni í eitt ár eða lengur telst það vera langtímalán. Hámark langtímaláns er þrjú ár. Þjóðminjavörður fjallar um langtímalán. Þjóðminjasafn Íslands áskilur sér rétt til að afturkalla langtímalán verði breyting á aðstæðum lánþega eða nauðsynlegt reynist að nota gripinn sem í útláni er til sýninga eða rannsókna í Þjóðminjasafni. Lánþegi stendur straum af kostnaði vegna eftirlits sérfræðinga þjóðminjasafnsins á lánstímanum. Slíkt eftirlit skal alla jafna fara fram árlega, en oftast ef talin er þörf á.

11. gr.

Allur kostnaður við útlán skal greiddur af lánþega, svo sem kostnaður við tryggingar, ljósmyndun, afgreiðslu, þökkun og flutning auk forvörslu.

12. gr.

Við brot lánþega á reglum þessum eða við breyttar aðstæður á sýningarstað er þjóðminjasafni heimilt að afturkalla lán umsvifalaust.

